



Eldisstöðin Ísbórf hf.
Nesbraut 25
815 Þorlákshöfn

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTID

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 31. maí 2019
Tilv.: UMH19040041/20-1

Vísað er til erindis yðar frá 12. apríl sl. þar sem sótt er um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir starfsemi Eldisstöðvarinnar Ísbórs hf. að Nesbraut 25 í Þorlákshöfn, á meðan umsóknarferli vegna nýs starfsleyfis er í gangi. Fram kemur í framangreindu erindi að umsókn um nýtt starfsleyfi hafi verið send til Umhverfisstofnunar hinn 12. desember 2018 og ljóst sé að nýtt starfsleyfi verði ekki tilbúið áður en núverandi starfsleyfi renni út þann 3. júní nk. Þá segir jafnframt að Eldisstöðin Ísbórf hf. sé með gilt rekstrarleyfi útgefið af Matvælastofnun, fyrir allt að 600 tonna framleiðslu á seiðum laxfiska sem renni út þann 23. maí 2026. Óski rekstraraðili eftir því að veitt verði undanþága frá starfsleyfi til áframhaldandi reksturs miðað við hámarksársframleiðslu, þangað til nýtt starfsleyfi verði gefið út.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I–V, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr. Ráðherra er heimilt, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi. Ráðuneytið sendi erindið til umsagnar Umhverfisstofnunar með afriti á Heilbrigðisnefnd Suðurlands.

Umsögn Umhverfisstofnunar barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 29. maí sl., og þar staðfestir stofnunin að rekstraraðili hafi sótt um nýtt starfsleyfi. Umsóknin hafi verið staðfest og sé í vinnslu en verði ekki lokið þegar starfsleyfi rekstraraðila renni út þann 3. júní nk. Umhverfisstofnun telji rétt að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi með tilteknum skilyrðum, þar til nýtt starfsleyfi verði gefið út.

Í ljósi framangreindrar umsagnar Umhverfisstofnunar og í samræmi við ákvæði 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir fellst ráðuneytið á að veita Eldisstöðinni Ísbórf hf. tímabundna undanþágu frá starfsleyfi að því tilskildu að fyrirtækið uppfylli að öðru leyti ákvæði eldra starfsleyfis sem Umhverfisstofnun gaf út 3. júní 2015 og lög og reglugerðir sem um starfsemina gilda, sérstaklega ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settra á grundvelli þeirra. Umhverfisstofnun fer með eftirlit með starfseminni í samræmi við reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Undanþága þessi gildir þar til nýtt starfsleyfi verður gefið út en þó eigi lengur en til 1. júní 2020.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra



Steinunn Elna Eyjólfssdóttir



Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Afrit:

Umhverfisstofnun

Matvælastofnun

Heilbrigðisnefnd Suðurlands